



Fundargerð 4. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Raun- og Zoomfundur, þriðjudaginn 28. mars kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Halldór Jóhannsson (HJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Aðalsteinn Símonarson (AS), Jón Þór Jónsson (JPJ) og Halldór Viðar Hauksson (HVH).

Mættir varamenn: Kolbrún Vignisdóttir (KV), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ).

Fjarverandi:

AS ritaði fundargerð.

1. Reglugerð um upptöku og útsendingar frá akstursíþróttakeppnum 2023

Drög að nýrri reglugerð sem TMP og AS höfðu sett saman á grundvelli umræðu og samþykktar á fundi stjórnar 27. mars hafði verið dreift til stjórnarmanna með tölvupósti. Nýja reglugerðin tekur eingöngu til upptöku og beinna útsendinga og gerir ráð fyrir að fyrri Reglur um fjölmiðlafólk verði aðlöguð og uppfærð fyrir 18. apríl n.k.

HH vill að gjaldtaka verði heimil fyrir bæði upptöku til þáttagerðar og beinar útsendingar, grein 2.5.

LDJ gerir athugasemd við grein 2.6, vill að AKÍS geti gert kröfu um að mótaraðin í einstökum greinum verði seld í heild.

Samþykkt með öllum atkvæðum, nema HJ, að framlögð drög verði send óbreytt strax til allra aðildarfélaga og þeim gefinn kostur á að koma með athugasemdir, en reglugerðin verði gefin út n.k. föstudag, 31. mars.

2. Starfsmaður fyrir AKÍS

Málið ræt frá ýmsum hliðum og út frá mismunandi forsendum.

Samþykkt að TMP geri uppkast að auglýsingu og deili með stjórn, en stefna á að umsóknarfresti ljúki fyrir páska.

3. Formenn dómnefnda yfirferð

Farið yfir skjal sem sýnir keppnir tímabilsins og það sem komið er af formönnum.

TMP mun deila einfaldaðri útgáfu af skjalinu með stjórn og sjá til þess að það verði sem mest fyllt út fyrir páska.

4. Erindi frá Ansis Ventins

Ljósmyndari frá Lettlandi hefur lýst yfir áhuga á samstarfi. TMP falið að svara erindinu í samræmi við umræður.



5. Önnur mál

Viðbragðsáætlun Samskiptaráðgjafa - AHH og HRR, ásamt Helgu Katrínu Stefánsdóttur, hafa verið í vinnuhóp um málefnið. Þeim var falið að ljúka verkefninu á næstu vikum.

Næsti fundur verður haldinn á Zoom, þriðjudaginn 4. apríl kl. 19.30.

Fundi slitið kl. 20.52